# Auglýsinga- og kynningarblað skíðamanna 1986

Útgefandi: Ferðasjóður skíðamanna, Ísafirði. Ábm.: Gylfi Guðmundsson




**Sigursveit Ísfirðinga á Skíðamóti Íslands 1986.** *F.v. Bjarni Gunnarsson, Einar Ólafsson og Þröstur Jóhannesson.*

**SKÍÐAFERÐIR Í VETUR**

**Austurríki — Mayrhofen — Frakkland — Val Thorens —**

Ferðaskrifstofa Vestfjarða
Símar 3457 og 3557, Ísafirði



Óskum ísfirskum skíðamönnum velgengni í vetur.

Eiríkur og Einar Valur sf.

HRÖNN HF.
ÍSAFIRÐI

NÝJUNG
Á
FRÁBÆ!




Safarík nautasteik með kartöflum sósu, og grænmeti á aðeins kr. 325.-

Veislumatur á hversdagsverði!

*LÍTTU VIÐ Á FRÁBÆ!*

SKYNDIBITASTAÐURINN

FRÁBÆR

MÁNAGÖTU 1, SÍMI 4306

ÍSHÚSFÉLAG
ÍSFIRÐINGA HF.



Sendum ísfirsku skíðafólki baráttukveðjur og óskir um góðan árangur á skíðamótum komandi vetrar.

ÚTGERÐ HAFÞÓRS
HJALLAVEGUR 8 — 400 ÍSAFJÖRÐUR

**Mikið úrval af nýjum og sóluðum dekkjum**



HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR

Njarðarsundi 2 — 400 Ísafirði

# Frá stjórn SRÍ

Ágæti lesandi.

Blað þetta, er ein af fjáröflunarleiðum Skíðaráðs Ísafjarðar til að standa straum af kostnaði, við keppnisferðir og þjálfun skíðamanna, og námskeiðahald á skíðum fyrir börn og unglinga, á komandi vetri. Auk þessa blaðs, eru ýmsar aðrar leiðir farnar til að afla fjár, og eru þær helstu, rekstur pylsuvagns, firmakeppni, auglýsingaspjöld á lyftustaurum og s.l. haust tóku skíðamenn að sér að reka niður stikur meðfram þjóðvegum í nágrenni Ísafjarðar fyrir Vegagerð Ríkisins.

Nýjar fjáröflunarleiðir eru í undirbúningi, t.d. munum við eftir áramót leita til almennings og fyrirtækja eftir styrktaraðilum, þar sem Skíðaráðið er ekki íþróttafélag, heldur fulltrúi íþróttafélaganna, og getur ekki innheimt félagsgjöld eins og þau.

Námskeiðahald verður með svipuðu sniði, í vetur og verið hefur, og munu þau byrja eftir 15. janúar, og standa í 10 vikur. Þjálfarar í alpagreinum verða, Halldór Antonsson, Þorlákur Baxter og Peter Peterson, en enn er óráðið með þjálfara í norrænum greinum.

Síðastliðinn vetur voru skíðamenn okkar sigursælir. Á Skíðamóti Íslands sem haldið var í Reykjavík, unnu göngumenn 10 Íslandsmeistaratitla, og á Unglingameistaramóti Íslands sem var haldið hér á Seljalandsdal, vann alpagreinalið okkar 10 Íslandsmeistaratitla. Auk þessa urðu þau Stella Hjaltadóttir og Bjarni Gunnarsson Bikarmeistarar SKÍ í göngu í sínum aldursflokkum og þau Sara Halldórsdóttir og Ólafur Sigurðsson urðu Bikarmeistarar SKÍ í alpagreinum í sínum aldursflokkum.

Á komandi vetri verður Skíðamót Íslands haldið hér á Ísafirði, og vonumst við eftir góðum stuðningi bæjarbúa og bæjaryfirvalda til að framkvæmd þess öll verði sem best, og verði okkur og Ísafirði til sóma.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa stutt starf okkar á undanförnum árum, með ósk um áframhaldandi samstarf.

Með skíðakveðju,
Gylfi Guðmundsson,
formaður SRÍ.


Verðlaunin eru vel þegin í mótslok.


Foreldrar bera hitann og þungann af starfinu.




Úrvinnsla marskonar verkefna í eigin tölvu



*Reiknistofa Vestfjarða hf.*
*Aðalstræti 24 - Pósthólf 153 - 400 Ísafjörður*

**Bílaverkstæði Ísafjarðar sími 3837**



Gleðileg jól, gott nýtt ár
Þökkum viðskiptin á liðnu ári

**Önnumst allar boddýviðgerðir og sprautun**

**Bílaverkstæði Ísafjarðar sími 3837**

**Hjá okkur færðu nytsama jólagjöf á góðu verði**

STÓRGLÆSILEGT RAFTÆKJAÚRVAL



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

PÓLLINN HF

**PÓLLINN HF.**
SÍMI 3792
VERSLUN HINNA VANDLÁTU

**Helgarreisur** með Ferðaskrifstofu Vestfjarða

*Ferðaskrifstofa Vestfjarða getur boðið Vestfirðingum upp á ódýrustu helgarreisurnar í vetur. Ferðaskrifstofa Vestfjarða hefur ávallt besta verðið.*

Ferðaskrifstofa Vestfjarða hf.
Hafnarstræti 4
400 Ísafjörður

**Ingþór Bjarnaon:**

# Göngumannapistill

Nú, þegar nýr vetur er genginn í garð og menn farnir að hugsa með spenningi til nýrra átaka, er vert að rifja upp gengi ísfirskra göngumanna á liðnum vetri. Þrátt fyrir að áhugi fyrir skíðagöngu sem keppnisíþrótt hafi því miður farið dvínandi á undanförnum árum hér á Ísafirði, sem og annars staðar á landinu, verður að segjast að ísfirskir göngumenn hafi sjaldan verið jafn sigursælir í keppnum og á síðasta keppnistímabili.

Gengi okkar fólks var ekki aðeins gott á innlendum vettvangi, heldur sannaði Ísfirðingurinn Einar Ólafsson ótvírætt með árangri sínum í Svíþjóð síðastliðinn vetur, að aldrei áður hafa Íslendingar eignast jafngóðan göngumann, og sjaldan jafngóðan íþróttamann. Árangur Einars er sérstaklega eftirtektarverður, þar sem hann náði að skáka mörgum af bestu skíðagöngumönnum Svíþjóðar í hinum ýmsu keppnum sem fram fóru í Svíþjóð á s.l. vetri. Þetta er sérstaklega athyglisvert, vegna þess að Svíar eiga nú á að skipa besta göngulandsliði heims. Á Skíðalandsmóti Svíþjóðar í febrúar náði Einar þeim athyglisverða árangri, að verða 8. í 15 km. og 9. í 50 km. göngu. Þennan góða árangur Einars verður fyrst og fremst að þakka óvenjulegri eljusemi og einbeitni að þrotlausum æfingum á undanförnum árum og nú er þessi vinna loks farin að skila umtalsverðum árangri á alþjóðavettvangi.

Einar stefnir nú ótrauður á Heimsmeistaramótið í Oberstdorf í Þýskalandi, sem haldið verður í febrúar n.k. og einnig mun hann nú í fyrsta sinn taka þátt í nokkrum mótum í Heimsbikarkeppninni 1987. Eftir það er stefnan svo sett á Ólympíuleikana, sem haldnir verða í Calgary í Kanada 1988.

Margir hafa lagt Einari mikið lið, þar sem úthald þetta kostar ærið fé og án þess kemst enginn langt. Þess ber sérstaklega að geta og þakka, að auk Skíðasambands Íslands og Skíðaráðs Ísafjarðar, hafa mörg ísfirsk fyrirtæki stutt dyggilega við bakið á þessum einstaka göngumanni, fyrir utan þann ómetanlega stuðning sem þau veita öðru skíðafólki okkar.

Í keppnum hérlendis s.l. vetur náði ísfirskt göngufólk mjög góðum árangri, eins og áður sagði. Í eldri flokkum kvenna var um ísfirska einstefnu að ræða, þar sem Ísafjörður var eini staðurinn á landinu, þar sem konur í flokki 16 — 18 ára og 19 ára og eldri, æfðu með keppni í huga.

Auður Yngvadóttir var eini keppandinn á landinu í eldri flokknum, sem varð til þess, öllum til sárra vonbrigða, að hætt var við keppni í þeim flokki á Íslandsmóti. Stella Hjaltadóttir var sem fyrr nær ósigrandi á mótum vetrarins og varð Bikarmeistari SKÍ 1986 í sínum flokki. Aðeins Auði Ebenezersdóttur, sem nú



stundar nám og æfingar í Svíþjóð, tókst að skáka Stellu í 3,5 km. göngunni á Íslandsmótinu. Þessar stúlkur, ásamt Málfríði Hjaltadóttur, Ósk Ebenezersdóttur og Eyrúnu Ingólfsdóttur, héldu uppi merki Ísafjarðar í eldri flokkum kvenna.

Í flokki karla, 20 ára og eldri, áttu Ísfirðingar þrjá keppendur, þá Einar Yngvason, Þröst Jóhannesson og Einar Ólafsson. Af þessum mönnum kom Þröstur mest á óvart, þegar hann náði 2. sæti í 30 km. keppninni á Íslandsmótinu, næstur á eftir Einari Ólafssyni. Sigraði hann þar yngri toppmennina, þá Hauk Eiríksson frá Akureyri og Þorvald Jónsson frá Ólafsfirði, sem höfðu skipst á um að sigra í fyrri mótum vetrarins. Þröstur hefur ekki látið deigan síga, þar sem hann var einnig í sigursveit Ísfirðinga í Íslandsmótinu í boðgöngu karla og einnig átti hann sigra í tveimur af hinum fimm svokölluðu Íslandsgöngum, sem nú eru haldnar árlega fyrir almenning á fimm helstu skíðastöðum á landinu.

Okkar fjölmennasti flokkur göngumanna var flokkur 17 — 19 ára pilta. Bjarni Gunnarsson hafði allmikla yfirburði í þessum flokki og var nánast ósigrandi. Bjarni náði þeim einstaka árangri, að verða fjórfaldur Íslandsmeistari á landsmótinu í Reykjavík og varð auk þess bikarmeistari SKÍ 1986 í þessum flokki. Næstur á hæla honum kom svo annar Ísfirðingur, Rögnvaldur Ingþórsson, en þessir tveir piltar voru, ásamt Stellu Hjaltadóttur, valdir í vor í svokallað endurnýjunarlið Skíðasambands Íslands sem væntalegir landsliðsmenn. Því miður hafa Bjarni og Stella ekki séð sér fært, að taka þátt í landsliðsundirbúningi á næstu tímabilum og er það skaði, þar sem þau bæði hafa margoft sannað hæfni sína til áframhaldandi árangurs. Einkum hefði orðið ánægjulegt fyrir Íslendinga, ef kona hefði náð að komast í landslið okkar í skíðagöngu, en ennþá hefur engin náð því marki. Aðrir í flokki 17 — 19 ára pilta, sem héldu uppi okkar merki, voru þeir Brynjar Guðbjartsson, Guðmundur Rafn Kristjánsson og Heimir Hansson.

Í yngri flokkunum setti mikið fámenni svip sinn á þátttökuna í göngunni. Engin keppni fór fram í flokki 15 — 16 ára pilta að þessu sinni, og er það sennilega einsdæmi í sögunni. Í öðrum flokkum áttum við aðeins u.þ.b. tvo keppendur í hverjum flokki og er það verulegt áhyggjuefni, hvert stefnir með gönguíþróttina, ef ekki tekst að gera átak til meiri þátttöku strax í vetur og á næstu árum.

Á Unglingameistaramótinu, sem haldið var hér á Ísafirði, komst aðeins einn ísfirskur göngumaður á verðlaunapall, en það var Bjarni Brynjólfsson í flokki 13 — 14 ára.

Í vetur lítur út fyrir að þátttaka verði með svipuðu móti og í fyrra. Þó er ljóst að Einar Yngvason og Málfríður Hjaltadóttir munu ekki verða með vegna náms og vinnu í Reykjavík og líklegt er, að Brynjar Guðbjartsson dveljist að mestu í Austurríki. Bræðurnir Óskar og Daníel Jakobssynir og einnig Ósk Ebenezersdóttir hafa bæst við að nýju eftir eins árs dvöl í Svíþjóð og fylla því skarð þeirra sem fara.

Þegar þetta er ritað, hefur ekki enn tekist að ráða þjálfara fyrir keppnisfólk okkar. Mjög mikill skortur er á þjálfurum á landinu fyrir göngumenn. Þróunin í greininni hefur verið mjög ör á síðustu árum, t. d. með tilkomu skautaskrefsins og einnig hafa orðið nokkrar breytingar á búnaðinum, svo sem styttri og léttari skíði og lengri stafir. Þetta gerir það að verkum, að enn færri eru tilbúnir að þjálfa, sem hafa nægilega þekkingu á hinni nýju tækni. Vonir stóðu lengi vel til, að hingað kæmi akureyrskur þjálfari í vetur, en þær vonir hafa nú nýverið brugðist og er nú leitað dyrum og dyngjum, bæði hérlendis og erlendis að manni í hans stað. Ætlun Skíðaráðsins er að reyna að rífa gönguna upp úr þeirri ládeyðu, sem hún hefur verið í og því er lífsnauðsyn að úr þjálfaravandamálinu leysist hið bráðasta.


**Mesta úrval bæjarins af konfekti fyrir jólin**

Dýrt eða ódýrt
Venjulegt eða óvenjulegt
en alltaf mjög
bragðgott



HAMRABORG HF.

Hafnarstræti 7 Ísafirði sími 3166

**Vörn gegn vætu!**

**Vatnsverjum skíðafatnaðinn**



EFNALAUGIN ALBERT

Fjarðarstræti 16, 400 Ísafirði
Sími 4670

**Hafsteinn Vilhjálmsson**
**Umboðsverslun**
**Sími 3207**

**Söluumboð fyrir eftirtalin fyrirtæki:**

K.Á. sælgætisgerð
Móna h.f.
Sanitas h.f.
Hagver
Fannar — Duni umboð
Standberg — Vick umboð
Marska h.f. Skagaströnd
G.P. kryddvörur
Ísaco h.f.
Tandur s.f.
Bananasalan s.f.
Plastprent h.f.
Skipholt h.f.
Mjöll h.f.
Papco h.f.
Tæknivörur h.f.
Rekstrarvörur
Límmerki s.f.
Þýsk-íslenska h.f.
A.B.C. h.f.
Sælgætisgerðin Vala
Sólborg Akureyri
Burstagerðin

Burstar fyrir heimili og matvælaiðnað

Umboð fyrir Almennar tryggingar h.f.



**Hafsteinn Vilhjálmsson**
**Umboðsverslun**
**Sími 3207**

# Sumaræfingar í Ramsau

Í seinustu viku september og þrem dögum betur dvaldi norrænugreinalið SKÍ við æfingar í Ramsau í Austurríki. Frá Íslandi fóru þrír menn: A-liðsmaðurinn Haukur Eiríksson, Akureyri, E-liðsmaðurinn Rögnvaldur D. Ingþórsson, Ísafirði (greinarhöfundur) og þjálfari liðsins, Sigurður Aðalsteinsson. Við þrír komum til Hotel Kobaldhof kl. 3 að nóttu, þriðjudaginn 23. september, eftir 12 klst. ferðalag með flugi til Luxembourg og akstri þaðan.

Kl. 8 morguninn eftir ræsti Einar Ólafsson A-liðsmaður okkur í morgunmat. Hann hafði komið frá Svíþjóð daginn áður með sænska landsliðinu. Nú voru engin grið gefin, allir á skíði! Jökullinn sem við skíðuðum á var í 2700 metra hæð. Þangað var 30 mín. akstur og ferð í kláfi sem lyfti okkur úr 1700 í 2700 metra hæð á 8 mínútum. Hver kláfur tók 70 manns í ferð. „Japanska hraðlestaraðferðin" var notuð til að koma öllum inn: Fyrst ganga eins margir inn og komast hjálparlaust, þá er þeim sem úti standa ýtt inn af eftirlitsmönnum og skellt á eftir.



**Greinarhöfundur að ljúka tveggja og hálfs tíma æfingu. Eins og sjá má er snjórinn nýttur til hins ýtrasta. Snjórinn er óvenju hreinn á þessari mynd.**

Þegar upp var komið blasti jökullinn við. Hann var lítill, grútskítugur, hallaði allur í sömu átt og lítið um mishæðir. Tvær göngubrautir voru troðnar dag hvern. Önnur styttri og alveg flöt, hin var 8 km. löng og lá í miklum hlykkjum upp og niður hallann.

Það voru mikil viðbrigði að koma þarna. A.m.k. 200 manns voru í brautinni í einu og allir voru að taka fram úr öllum. Flestir sem þarna voru komnir, voru landsliðsmenn af ýmsum þjóðernum og nær allir bestu skíðagöngumenn heims.

Loftið í þessari hæð er svo þunnt, að nánast ógerlegt er að reyna nokkuð á sig fyrstu vikuna, meðan blóðið er að aðlaga sig. Maður mæddist við það eitt, að ganga rólega upp tröppur, hvað þá annað.

Á jöklinum æfðum við í 2—2½ klst. hvern morgun og síðan var farið niður í mat. Á niðurleiðinni fór súrefnisleysið að segja til sín; eymsli í brjóstkassa höfuðverkur og stundum jafnvel ógleði. Seinni part dags fórum við á hlaupaæfingar í skógunum eða upp á fjöll. Æfingarnar voru yfirleitt 1½ klst. langar. Það kom þó fyrir að sleppt var seinni æfingu vegna þreytu.

Á milli æfinga lágum við í sólbaði eða spiluðum tennis. Orðrómur um færni okkar á því sviði varð til þess að „Icelandic Team" var boðið að taka þátt í alþjóðlegu móti í tvíliðaleik. Innbyrðis úrtökumóti lauk með því, að Einar og Rögnvaldur unnu sér rétt til þáttöku fyrir Íslands hönd. „Icelandic Team" tapaði báðum leikjum sínum í riðlinum, en naumt var það.

Við höfðum lengi verið að bíða eftir heppilegu veðri til að klifra fótgangandi þá leið, sem venjulega er farin með kláfi upp á jökulinn. Vegna þoku gafst ekki færi fyrr en á 7. degi ferðarinnar. Eftir stutta meltingarhvíld um hádegið voru klettaklifursgræjurnar klyfjaðar; djúsbelti, sóláráburður og myndavél og lagt af stað. Leiðin lá eftir hlykkjóttum göngustígi úr 1700 upp í 2700 metra hæð. Það tók okkur klukkutíma að komast upp.

Síðasta spölinn þurfti að fara upp nær þverhnípta kletta. Þar var búið að reka stálfleina og steypustyrktarjárn inn í bergið, til að gefa ferðalöngum fótfestu, ásamt með vírum og keðjum meðfram örmjóum einstigum. Bakið í klettinn og tærnar út yfir hyldýpið. Þunnt loftið var ekki eina ástæðan fyrir örum hjartslætti þar.

Á kvöldin könnuðum við kaffihúsin og leituðum að mínígolfi. Golfvellirnir voru á kafi í haustlaufinu og eigendurnir nenntu ekki að sópa. Í staðinn fórum við á bíó. Eftir hálftíma kynningu á komandi myndum (að sjálfsögðu á þýsku) byrjaði myndin loksins. Verið var að sýna „The Money Pit" með Shelley Long úr Staupasteini. En hvað var að ske? Bandaríska leikkonan talaði reiprennandi, óaðfinnanlega þýsku! Þá rann upp fyrir okkur hinn sorglegi sannleikur: Í Austurríki eru allar erlendar myndir gæddar þýsku tali og **enginn íslenskur texti!** Einar og Haukur gáfust fljótlega upp, en við Sigurður þraukuðum allt til enda.



**Norrænugreinalið SKÍ í 2700 metra hæð í Austurrísku Ölpunum. Einari hjálpað upp síðustu brúnina í 1000 m. klifurferð. Talið frá vinstri: Haukur, Rögnvaldur, Einar og Sigurður aftast.**

Aðbúnaður erlendu liðanna var allt annar og betri en okkar, þó okkar væri ekki slæmur. Þeir höfðu þjálfara á hverjum fingri, upptökumenn sem mynduðu liðsmennina á æfingum o. fl. o. fl. Fjöldinn er líka miklu meiri. Svíar og Norðmenn voru með 30—40 manna lið, Rússar, Tékkar, Kanadamenn, Bandaríkjamenn og fleiri með ekki færri en 20 hver og síðast en ekki síst, 150 Finnar.

Þann 1. okt. lögðum við af stað heimleiðis. Einar til Svíþjóðar, en við hinir til Íslands í gegnum Þýskaland og Luxembourg. Í fríhöfninni ráðstöfuðum við síðasta skildingi okkar til kaups á dúkkum af kettinum Gretti (Garfield). Við höfðum haft með okkur frá Íslandi vasabrotsbækur með Gretti og urðum hugfangnir af kvikindinu. Útnefndum við Gretti sem opinbert lukkudýr norrænugeinaliðs SKÍ. Bandaríska sjónvarpsstöðin ABC tók á móti okkur á Keflavíkurflugvelli. Sumir segja vegna leiðtogafundarins, en við vitum betur.

Rögnvaldur Daði Ingþórsson.





HELGARFERÐIR

Nú eru hinar **vinsælu helgarferðir okkar innanlands** komnar í fullan gang. Þetta eru ódýrar ferðir sem innihalda flug **til Reykjavíkur frá tuttugu stöðum** á landinu en einnig **frá Reykjavík til Akureyrar, Egilsstaða, Hornafjarðar, Húsavíkur, Ísafjarðar og Vestmannaeyja.** Gist er á völdum hótelum og sumstaðar er morgunverður einnig innifalinn. Þessi skemmtilegi ferðamáti gefur einstaklingum, fjölskyldum og hópum möguleika á að breyta til, skipta um umhverfi um stundarsakir. Áhyggjur og daglegt amstur er skilið eftir heima meðan **notið er hins besta** sem býðst í ferðaþjónustu hér á landi – snætt á nýjum matsölustöðum, farið í leikhús eða kunningjarnir heimsóttir.
Helgarferð er ómetanleg upplyfting.

**Reykjavík:** Flug frá öllum áfangastöðum Flugleiða, Flugfélags Norðurlands og Flugfélags Austurlands. Gisting á Hótel Esju, Hótel Loftleiðum, Hótel Borg, Hótel Óðinsvéum og Hótel Sögu.

**Vestmannaeyjar:** Gisting á Hótel Gestgjafanum.

**Ísafjörður:** Gisting á Hótel Ísafirði.

**Akureyri:** Gisting á Hótel KEA, Hótel Varðborg, Hótel Akureyri, Hótel Stefaníu og Gistiheimilinu Ási.

**Egilsstaðir:** Gisting í Valaskjálf og Gistihúsinu EGS.

**Hornafjörður:** Gisting á Hótel Höfn.

**Húsavík:** Gisting á Hótel Húsavík.

FLUGLEIÐIR

Eftirtaldir styrkja útgáfu blaðsins:
Afgreiðsla Eimskips
Arnar G. Hinriksson, lögfræðiskrifstofa
Blikksmiðja Erlendar
Búðanes hf.
Djúpbáturinn hf.
Einar Halldórsson, vélaleiga
Eir hf.
Endurskoðunar- og bókhaldsstofa
Guðmundar E. Kjartanssonar
Eplið
Félagsbúið Loðdýr
Guðmundur Þórðarson, byggingameistari
Gullauga
Gunnar og Ebeneser hf.
Hótel Ísafjörður
Hárgreiðslustofa Siggur Þrastar
Hárgreiðslustofa Önnu Rósu Bjarnadóttur
Ísverk hf.
JR vídeó
Ljósvakinn, Bolungarvík
Mjölvinnslan h.f. Hnífsdal
Miðfell hf., Hnífsdal
Netagerð Vestfjarða hf.
Niðursuðuverksmiðja O. N. Olsen
Olíufélagið hf.
Orkubú Vestfjarða
Póls hf.
Rækjustöðin hf.
Rækjuverksmiðjan hf., Hnífsdal
Sólbaðsstofan Rún
Sjómannastofan
Skóverslun Leós
Skipasmíðastöð Marsellíusar hf.
Trésmíðaverkstæði Arnórs Stígssonar
Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga hf.
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Verslunin Bimbó
Vídeóhöllin
Þráinn Eyjólfsson, pípulagningameistari
Þröstur Marsellíusson


**Myndavélar**

fyrir 35 mm filmur:



KODAK EF
með lampa ........ kr. 3.731,00

YASHICA Partner
með „Auto-focus" ........ kr. 6.485,00

RICOH XF 30
með sjálfvirkri filmufærslu kr. 6.300,00

RICOH AF 50
Auto-focus, sjálfvirk filmu-
þræðsla og færsla ........ kr. 7.940,00

Sama vél
með dagsetningu ........ kr. 10.300,00

bjt **Bókaverslun**
**Jónasar Tómassonar**
**sími 3123 Ísafirði**



***MATVÖRUVERSLANIR***
***KAUPFÉLAGS ÍSFIRÐINGA***



**Ef þið gerið verðsamanburð, kemur í ljós að jólakonfektið og jólakertin eru á hagstæðasta verðinu hjá okkur**

Verið velkomin, gleðileg jól

***MATVÖRUVERSLANIR***
***KAUPFÉLAGS ÍSFIRÐINGA***



Gleðileg jól,
gott og farsælt komandi ár!



Gunnvör hf.
P.O.Box 22 — 400 Ísafjörður



Start í Fossavatnagöngu 1986.



Þrír fræknir: Búbbi, Stígur og Oddur.



Sumir byrja snemma, aðrir seint.



Pétur Péturson, 83 ára, kemur í mark í Fossavatnsgöngu 1986.


## Sundhöll Ísafjarðar

Sundhöllin verður opin frá 17. des - 31 des. '86 þannig:

| | |
|---|---|
| Mið. 17. des. | frá kl. 7:00 - 11,00 fh. og 14:00 - 17:00 og 20:00 - 21:00 |
| Fim. 18. des. | frá kl. 7:00 - 11:00 fh. og 14:00 - 18:00 og 20:00 - 21:00 |
| Fö. 19. des. | frá kl. 7:00 - 11:00 fh. og 14:00 - 18:00 og 20:00 - 21:00 |
| Lau. 20. des. | frá kl. 10:00 fh. - 12:00 og 13:00 - 16:00 |
| Su. 21. des. | frá kl. 10:00 fh. - 12:00 á hád. |
| Mán. 22. des. | frá kl. 7:00 - 11:00 fh. og 14:00 - 17:00 og 20:00 - 21:00 |
| Þr. 23. des. | frá kl. 7:00 - 11:00 fh. og 14:00 - 18:00 og 20:00 - 21:00 (konur) |
| Mið. 24. des. | frá kl. 7:00 - 12:00 á hádegi. |
| Su. 28. des. | frá kl. 10:00 fh. - 12:00 á hádegi. |
| Mán. 29. des. | frá kl. 7:00 - 11:00 fh. og 14:00 - 17:00 og 20:00-21:00 |
| Þri. 30. des. | frá kl. 7:00 - 11:00 fh. og 14:00 - 18.00 og 20:00 - 21:00 (konur) |
| Mið. 31. des. | frá kl. 7:00 - 12:00 á hádegi. |

Athugið: Gufubaðið er opið eins og auglýst hefur verið.

Sundhöllin og Íþróttahús óskar öllum Ísfirðingum gleðilegra jóla, árs og friðar.



GOÐSÖGNIN UM

# ZIPPO

**Hann hefur sameinað fólk eða sundrað hjónaböndum, bjargað mannslífum, unnið heimsstyrjöldina. Hann bregst þér aldrei því hann bilar aldrei. Og jafnvel þótt hann bilaði þá er lífstíðarábyrgð á honum og þá er átt við líf hans, en ekki þitt, því hvað er einn mannsaldur?**







gullauga

## Ísafjörður:

# Paradís skíðamanna

Ofangreint er vissulega það sem við öll vildum að væri orðin staðreynd. Hér á Ísafirði eru allar aðstæður til að skapa vetrarparadís, hér er veðrátta hagstæð til skíðaiðkana, skíðasvæðið er innan seilingar og liggur ekki það hátt yfir sjávarmál að bagi sé að.

Með samanburði við skíðasvæðin suðvestanlands, sem liggja allfjarri byggð í fjalllendi má sjá að möguleikar til iðkunar íþróttarinnar eru hér mun hagstæðari og liggja betur við.

Ef við gefum okkur að aðstæður séu hér góðar frá náttúrunnar hendi, hvað þarf þá til frekar? Lítum á það nokkru nánar. Hérna eru brekkur ákjósanlegar, gönguland mjög gott og vafalaust mætti skapa góðar aðstæður til ýmissa sériðkana. Nefna má t.d. skíðastökk, brunbrautir, þríþraut á skíðum (skiathlom) sem er það nýjasta í dag og ýmis konar þrautaleiki, sem eru mjög vinsælir og þyrfti að gera meira af.

Til þess að sem best not megi svo verða af þessu öllu saman er nauðsynlegt að bæta ýmsa aðstöðu á dalnum. Skapa þarf aðstöðu fyrir skíðamenn til þess að sinna skíðum sínum, smyrja þau og laga, helst einnig leigja út lokaða geymsluskápa. Einkum er þörf fyrir þessa aðstöðu fyrir keppnisfólk, auk þess, sem ferðamenn, sem laða þarf að svæðinu kynnu vel að meta slíkt.

Þá þarf að vera tryggt að hægt sé að sinna þörfum göngumanna jafnt og svigmanna hvað snertir þjónustu troðara og lagningu brauta. Hvað göngumenn snertir þarf að vera kostur á brautum fyrir skautagöngu jafnt og hina hefðbundnu, þar sem þetta virðist vera að þróast í nokkuð aðskildar greinar. Endurskipuleggja þarf lyftumálin frá grunni. Núverandi lyftur eru of dýrar í rekstri og of mannfrekar til að hagkvæmt sé. Hér er að sjálfsögðu ekki verið að tala um stökkbreytingu, en sérstaklega ber að fagna því að fyrir dyrum stendur skipulagning skíðasvæðisins og verður þá væntanlega tekið tillit til alls þess sem hér að framan greinir.

Hverjir geta þá staðið að því að þessi háleitu markmið nái fram að ganga? Þessu svara menn á ýmsan hátt, hver eftir sinni forsendu. Sumir segja bæjarsjóð verða að framkvæma þetta með þátttöku ríkissjóðs, aðrir segja skíðahreyfingin sjálf að svo miklu leyti sem auðið er, enn aðrir segja tóma vitleysu að leggja yfirleitt í svona nokkuð.

Ekkert mun þó gerast nema annað tveggja verði; almenningur hér á Ísafirði og nágranabyggðum fari að stunda Dalinn meira en verið hefur, en skíðaiðkun almennings hér hefur fremur verið bundin við dagatalið og páska heldur en skíðafæri og veður. Hinn kosturinn er, og virðist líklegur í næstu framtíð, að Ísafjörður verði auglýstur upp sem skíðasvæði sem dregið geti hingað ferðamenn í stórum stíl. Hvort tveggja framangreint mun stórbæta nýtingu mannvirkja og skapa hvatningu til þess að gera nauðsynlegar breytingar á svæðinu.

Því eru bæjarbúar allir hvattir til þess, að stunda skíðin af kappi í vetur og e.t.v. ekki síður í vor, þegar veðrátta og ýmsar aðstæður í brekkunum eru hagstæðari en um háveturinn.

Þá er full ástæða til að hvetja bæjaryfirvöld til þess, að kynna sér hvernig nota má fjölskylduafslátt til þess að stórauka sölu á vetrarkortum í skíðalyfturnar, en slíkt sparar vinnu og eykur notkun á skíðasvæðinu. Stundum virðist sem skilning skorti á mikilvægi þess að beina sem flestum inn á brautir íþróttaiðkunar án þess að bein arðsemi blasi við. Arður fæst af slíku, þó seinna verði og í ýmsum myndum.

Frá S.R.Í.










**FLUGELDABAZAR**

**Flugeldabasar Hjálparsveitar skáta verður í Skátaheimilinu dagana:**

| | |
|---|---|
| *28. desember* | *kl. 14.00 — 19.00* |
| *29. desember* | *kl. 14.00 — 22.00* |
| *30. desember* | *kl. 14.00 — 22.00* |
| *31. desember* | *kl. 10.00 — 16.00* |

**Hjálparsveit skáta, Ísafirði.**

**London (Helgar- og vikuferðir)**

Ferðaskrifstofa Vestfjarða hf.

# VETRARSPORT

## FYRIR UNGA FÓLKIÐ



ORIGINAL

STIGA

VARIST EFTIRLÍKINGAR

SNJÓÞOTUR með stýri
fyrir 6 ára og yngri.
Verð kr. 2.090,-

BRUNSLEÐAR
fyrir 6 ára og eldri.
Verð kr. 4.690,- og kr. 5.690,-

**TOPP VARA — GÆÐI Í FYRIRRÚMI**

Vélsmiðjan Þór h.f.
Suðurgata 9
Sími 3711





Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.

Jón og Magnús
vélaleiga og verktakar
sími 4290



**HEILLA-ÓSK**

*Skíðaráð Ísafjarðar sendir hinu sigursæla keppnisliði VESTRA sínar bestu heillaóskir í tilefni af frábærum árangri í bikarkeppni Sundsambandsins.*


# Mótaskrá veturinn 1987

| Dagsetning | Mót | Grein | Flokkur | Mótshaldari |
|---|---|---|---|---|
| 25. janúar | Grænagarðsbikar | Svig | Fullorðnir | Ármann |
| 25. janúar | Boðganga | Ganga | 13 ára og eldri | Skíðafélag |
| 1. febrúar | Harðargangan | Ganga | Allir | Hörður |
| 31. jan — 1. feb. | Vestfjarðamót | Stórsvig | 14 ára og yngri | Vestri |
| 7. — 8. febr. | Bikarmót, Ísafirði | Alpagreinar | Fullorðnir | SRÍ |
| 7. — 8. febr. | Bikarmót, Ísafirði | Ganga | 13 ára og eldri | SRÍ |
| 14. — 15. febr. | Bikarmót, Siglufirði | Alpagreinar | 13 — 14 ára | SSS |
| 14. — 15. febr. | Vestfjarðamót | Stórsvig | 15 ára og eldri | Hörður |
| 14. — 15. febr. | Vestfjarðamót | Ganga | Allir | Ármann |
| 21. — 22. febr. | Bikarmót, Dalvík | Alpagreinar | Fullorðnir | Skíðafél. Dalvíkur |
| 21. — 22. febr. | Bikarmót, Akureyri | Ganga | Fullorðnir | SRA |
| 28. febr. — 1. mars | Bikarmót, Reykjavík | Alpagreinar | 15 — 16 ára | SKRR |
| 28. febr. — 1. mars | Skógargangan, Egilsstöðum | Íslandsgangan | Allir | UÍA |
| 4. mars, öskud. | Framhaldsskólamót SKÍ, Akureyri | Alpagr. + Norr. gr. | Framh.sk.nemar | ÍMA |
| 4. mars, öskud. | Hnífsdalsgangan | Trimmganga | Allir | SRÍ |
| 7. — 8. mars | Bikarmót, Akureyri | Alpagreinar | Fullorðnir | SRA |
| 7. — 8. mars | Lambagangan, Akureyri | Íslandsgangan | Allir | SRA |
| 14. — 15. mars | Ólafsmót | Ganga/Alpagr. | 12 ára og yngri | Foreldraráð |
| 14. — 15. mars | Bikarmót, Akureyri | Alpagreinar | 13 — 14 ára | SRA |
| 14. — 15. mars | Bikarmót, Ólafsfirði | Ganga/Stökk | 13 ára og eldri | UÍÓ |
| 21. — 22. mars | Bikarmót, Siglufirði | Alpagreinar | Fullorðnir | SSS |
| 21. — 22. mars | Bikarmót, Neskaupstað | Alpagreinar | 15 — 16 ára | UÍA |
| 21. — 22. mars | Bláfjallagangan, Reykjavík | Íslandsgangan | Allir | SKRR |
| 21. — 22. mars | Vestfjarðamót | Svig/Ganga | 12 ára og yngri | UMFB/Vestri |
| 28. — 29. mars | Vestfjarðamót | Svig | 13 ára og eldri | Ármann |
| 28. — 29. mars | Bikarmót, Siglufirði | Ganga/Stökk | 13 ára og eldri | SSS |
| 2. — 5. apríl | Unglingameistaramót, Akureyri | Alpagr. + Norr. gr. | 13 — 16 ára | SRA |
| 4. — 5. apríl | Vestfjarðamót | Ganga | 17 ára og eldri | Hörður |
| 11. — 12. apríl | Bikarmót, Reykjavík | Alpagreinar | Fullorðnir | SKRR |
| 11. — 12. apríl | Firmakeppni, Ísafirði | Svig | Allir | Foreldraráð |
| 11. — 12. apríl | Fjarðargangan, Ólafsfirði | Íslandsgangan | Allir | UÍÓ |
| 15. — 20. apríl | Íslandsmót, Ísafirði | Alpagr. + Norr. gr. | Fullorðnir | SRÍ |
| 23. — 26. apríl | Andrésar Andarleikar, Akureyri | Alpagr. + Norr. gr. | 12 ára og yngri | SRA |
| 25. apríl | Vormót Foreldraráðs, Ísafirði | Svig | 12 ára og yngri | Foreldraráð |
| 2. — 3. maí | Fossavatnsgangan, Ísafirði | Íslandsgangan | Allir | SRÍ/Skíðafélag |
| 7. — 8. maí | Öldungamót Íslands, Reykjavík | Alpagr. + Norr. gr. | 30 ára og eldri | SKRR |
| Óákv. dagsetn. | Frábæjarmót/Swixmót | Svig/Ganga | 12 ára og yngri | Frábær/Sporthlaðan |

**STÓR GLÆSILEG JÓLAKORT**
MEÐ MYNDASTÆRÐ
13×18 CM., KR. 60,-
PR. STK. M/UMSLAGI
(LÁGMARKSPÖNTUN 5 STK.)
—
VENJULEG KORT
9×13 CM., KR. 25,-
PR. KORT M/UMSLAGI
(LÁGMARKSPÖNTUN 10 STK.)
AFGREIÐSLUTÍMI 1 TIL 2 DAGAR.
—
TVÖFÖLD GLÆSILEG KORT
MEÐ 9×13 CM. MYND KR. 30,-
PR. KORT M/UMSLAGI
TILBÚIÐ SAMDÆGURS EF KOMIÐ
ER FYRIR HÁDEGI

**LEO LITMYNDIR**

# JÓLAKORT
## EFTIR ÞÍNUM FILMUM

**AÐRIR MÓTTÖKUSTAÐIR:**
Bókaverslun Jónasar Tómassonar, Hafnarstræti 2
Olíufélag útvegsmanna, Hafnarhúsinu
Einar Guðfinnsson hf., húsgagnadeild, Bolungarvík
K.Í., Súðavík
Brauðgerðin, Flateyri
Suðurver, Suðureyri
Verslun Gunnars Sigurðssonar, Þingeyri
Edinborg, Bíldudal

**LEO LITMYNDIR, HRAÐFRAMKÖLLUN, HAFNARSTRÆTI 7 ÍSAFIRÐI (VIÐ HLIÐINA Á HAMRABORG)**

**HRAÐ FRAMKÖLLUN**



*Óskum ísfirsku skíðafólki velfarnaðar á komandi vetri.*

NIÐURSUÐUVERKSMIÐJAN ÍSAFIRÐI
ISAFJORD CANNING CO. LDT. P.O. BOX 106 400 ÍSAFIRÐI SÍMAR: 3153-3370




**Mikið úrval af sýnishornum**

RÖRVERK HF ÍSAFIRÐI

**Verslun, sími 94-3298**
**Suðurgötu 9, 400 Ísafjörður**

## Í Selinu:

Fatnaður
Dúkar
Teppi

## Í malningarvöru-verslunninni:



Hörpusilki
Kópal
Polytex
Vitratex
Sadolin málning

**G. E. Sæmundsson hf.**
**Aðalstræti 17 — 20, sími 3047 — 4550**



Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.

Hraðfrystihúsið hf.
Hnífsdal



Áætlunarflug um Vestfirði alla virka daga.
Áætlunarflug frá Suðureyri til Reykjavíkur sunnud., mánud., miðvikud. og föstudaga.
Almenn ferða- og bílaleiguþjónusta.

☎ **4200 & 3698**

FLUGFÉLAGIÐ ERNIR HF ÍSAFIRÐI

**Erum að fá mikið úrval af konfektkössum**

**Fáum líka jóladagatöl með sælgæti í og margskonar jólasælgæti**

Kíkið inn og skoðið úrvalið

**Gosi sf.**

# STÓRGLÆSILEG JÁRNRÚM
# Á MJÖG HAGSTÆÐU VERÐI










**EIGUM EINNIG ÚRVAL AF SÆNGUM, KODDUM, SÆNGURVERASETTUM OG RÚMTEPPUM**

Húsgagnaverslun Ísafjarðar

NÝTÍSKU HÚSGÖGN Í ALLT HÚSIÐ

Aðalstræti 24 · 400 Ísafirði · Sími 94-3328



# Slysa-tryggingar

**Við bjóðum hagstæð iðgjöld á öllum slysatryggingum**

BÍ *Brunabótafélag Íslands*

*Ísafjarðarumboð,*
*Aðalstræti 22, sími 3164*



*ÍSFIRÐINGAR!*

**ERUM BYRJAÐIR AÐ BAKA ÞÝSKU STOLLEN JÓLABRAUÐIN VINSÆLU**



**Gamla bakaríið**

AÐALSTRÆTI 24 ☎ 94-3226 ÍSAFIRÐI



***Áætlunarflug til Akureyrar***
***— Vetraráætlun —***

*mánudaga*
*miðvikudaga*
*föstudaga*
*sunnudaga*

***Afgreiðsla á Ísafirði: Flugstöð, sími 3000,3400***
***Afgreiðsla á Akureyri: Flugstöð, sími 96-21824***



**flugfélag norðurlands hf.**





*Sendum ísfirskum skíðamönnum baráttukveðjur og óskir um góðan árangur á skíðamótum í vetur.*

**Landsbanki Íslands**

*Útibúið á Ísafirði*



Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.



Pensillinn

Hafnarstræti 11, sími 3221
Byggingavöruverslun, Mánagötu 6, sími 3063

## Smári Haraldsson:

# Skíðaval við Menntaskólann á Ísafirði

Skíðaval er nú starfrækt við Menntaskólann á Ísafirði annað árið í röð. Skíðavali var komið á fót með samvinnu Menntaskólans, Skíðasambands Íslands og Skíðaráðs Ísafjarðar.

Megin tilgangurinn með þessari tilraun var að gefa unglingum, sem skara framúr í skíðaíþróttinni, kost á að stunda menntaskólanám og skíðaiðkun samtímis.

Skíðavalinu er þannig lýst í „Leiðarljós M.Í. fyrir árið 1986 — 1987“:

**Markmið**

1. Að gefa skíðafólki kost á að stunda markvissa þjálfun, jafnframt almennu námi í menntaskóla.
2. Að auka sjálfsþekkingu hvers og eins á eigin færni og möguleikum í íþróttinni.
3. Að öðlast þekkingu á skíðaíþróttinni, m.a. með þjálfun og kennslu í huga.

**Inntökuskilyrði**

1. Auk þeirra inntökuskilyrða sem allir nemendur skólans verða að lúta, ræðst inntaka nemenda á skíðavali, af námsárangri og getu í skíðaíþróttum.
2. Fjöldi nemenda er takmarkaður á ári við 5 — 6 í alpagreinum og 5 — 6 í skíðagöngu.
3. Umsóknir skulu sendast til Menntaskólans á Ísafirði.
4. Að vali nemenda standa M.Í. og S.K.Í.

**Skipulag**

1. Skólinn skipar umsjónarmann með valinu, sem jafnframt er tengiliður skóla, nemenda og þjálfara.
2. Nám á skíðavali er viðamikið (152 — 153 einingar) og því mikilvægt að nemendur skipuleggi tíma sinn vel. Æskilegt væri að hafa fastan lestíma.
3. Þegar mótaskrá S.K.Í. liggur fyrir, ákveða þjálfarar og umsjónarmaður skíðavals á hvaða mót farið verður, þau mót verða hluti af námi nemenda. **Keppnisferðir umfram þessi mót eru ekki leyfðar.**
4. Nemendur á skíðavali eru fullgildir keppendur á öllum innanhéraðsmótum á Ísafirði. Á bikarmótum keppa þeir fyrir sitt félag.
5. Kostnað keppenda á bikarmótum bera nemendur sjálfir eða viðkomandi skíðaráð og félag. Æskilegt er að fram komi í umsókn hver beri þennan kostnað.
6. Nemendur á skíðavali greiða hvorki æfinga- né lyftugjöld.
7. Ef nemandi á skíðavali verður valinn í landslið verður sérstakt tillit tekið til hans.
8. Nemendur á skíðavali fá að námi loknu réttindi sem B-stigs skíðaþjálfarar og skíðakennarar stig I.

Alls stunda þrettán nemendur nám á skíðavali í vetur, ellefu í alpagreinum og tveir í göngu. Af þeim eru átta í fyrsta bekk og fimm í öðrum og þriðja bekk. Í hópnum eru níu Ísfirðingar og fjórir aðkomnir.

Nemendur á skíðavali geta útskrifast af mála- og samfélagsbraut eða raungreinabrautum og taka að mestu sömu námsgreinar og aðrir nemendur á viðkomandi brautum, að undanskildum valgreinum og íþróttum. Þess í stað taka þeir bóklegt nám í skíðagreinum og skíðaþjálfun. Menntaskólinn sér um bóklega námið en skíðahreyfingin um þjálfunina.

Þeir sem aðallega skipulögðu skíðavalið voru þeir Ingvar Einarsson fyrir hönd Skíðasambands Íslands, Hafsteinn Sigurðsson fyrir hönd Skíðaráðs Ísafjarðar og Smári Haraldsson frá Menntaskólanum.

Umsjón með skíðavali hafa þeir Ingvar og Smári auk Péturs Bjarnasonar fyrir hönd Skíðaráðsins.

Kennarar og þjálfarar í skíðagreinum hafa verið þeir Örnólfur Oddsson, Guðmundur Jóhannsson, Ingþór Bjarnason, Halldór Antonsson, Hafsteinn Sigurðsson og Þröstur Jóhannesson.



Skíðaval M.Í. ásamt kennurum.


# Skíðafólk



**Allar leiðir liggja í sól og snjó í paradís skíðamanna á Seljalandsdal við Ísafjörð:**

**Troðnar skíðabrekkur og göngubrautir.**
**Skíðaleiga — Veitingasala — Svefnpokagisting**

**Verið velkomin á Seljalandsdal**

# Skíðheimar

**Ísafirði — Sími (94) 3125-3581**

**Ef stunda á Dalinn í vetur**

þarf bíllinn að vera í lagi.
Framkvæmum allar almennar bifreiðaviðgerðir fljótt og vel.

**Höfum á lager í flestar gerðir bifreiða:**

— Kerti
— Kveikjuhluti
— Bremsuklossa
— Smursíur
— Loftsíur
— Bensínsíur.

Hagstætt verð.



Bílaverkstæði SS
Seljalandsvegi 86
Sími 94-3379
400 Ísafjörður
Nafnnúmer 1109-1199



Óskum ísfirsku skíðafólki
velfarnaðar á komandi vetri

RÆKJUVINNSLAN
Vinaminni - 400 Ísafirði
Nnr. 3398-3905 - Sími 4308 - Pósthólf 284

## Tilvalið til jólagjafa:

Gjafakassar
Ilmvatn
Rakspíri
Chicco barnavörur

OPIÐ:
Laugardag 6. des. frá kl. 11.00 — 12.00 og 13.00 — 16.00
13. des. frá kl. 11.00 — 12.00 og 14.00 — 16.00
20. des. frá kl. 11.00 — 12.00 og 14.00 — 18.00
23. des. frá kl. 9.00 — 23.00

ísafjarðar apótek
ÁSBJÖRN SVEINSSON, SÍMI 3009
PÓSTHÓLF 14, 400 ÍSAFJÖRÐUR

ENN HAFA KOSTIR
**ÁBÓTARREIKNINGANNA**
AUKIST

NÚ ER ÁBÓTIN GREIDD
FRÁ INNLEGGSDEGI

VAXTAÁBÓT HVERS MÁNAÐAR
LÖGÐ VIÐ HÖFUÐSTÓL
Í MÁNAÐARLOK

**LOTUSPARNAÐUR**
NÝJUNG SEM GEFUR
ALLT AÐ 2% VAXTAAUKA

ÞESSI ERU SÉRKENNI
**INNLÁNSREIKNINGS MEÐ ÁBÓT**
**— HANN Á SÉR ENGAN LÍKA —**

**ÁBÓT**
Á VEXTI
GULLS ÍGILDI

**ÚTVEGSBANKINN**
**EINN BANKI · ÖLL ÞJÓNUSTA**

**Máltækið segir:**

## Gott er að hafa mikinn mat og marga helgidaga

Það á vel við um þessi jól, því nú verðum við með hinar ýmsu jólasteikur á góðu verði.

Í nægtarbrunni HN-búðarinnar verður m. a.:

*London lamb*
*Lambahryggir, léttreyktir*
*Hangilæri, heil*
*Hangilæri, úrbeinuð*
*Hangiframpartar, heilir*
*Hangiframpartar, úrbeinaðir*
*Hreinsuð lambasvið*

*Allt svínakjöt*
*Allt dilkakjöt*
*Allt nautakjöt*

*Rjúpur*
*Endur*
*Aligæsir*
*Kjúklingar*

*Spægipylsa, síld*
*o. fl. á kalda borðið*

Auk þess erum við með mikið úrval
af frönskum kartöflum, frosnu grænmeti
og öllu því öðru, sem gerir jólamatinn að jólamat

**Fyrir Þorláksmessu bjóðum við að sjálfsögðu kæsta skötu og vestfirskan hnoðmör**

HN BÚÐIN
SUNDSTRÆTI 34 ☎ 4013

**Sérverslun með kjöt og fisk**

## FYRIR BÖRNIN




„Thermo Kid" kuldaskór. Stærðir frá 23—34. Loðfóðraðar lúffur á börn og fullorðna og margt fleira fyrir veturinn.

***Olíufélag útvegsmanna Hafnarstæti***

# MATAR OG KAFFISTELL







SWINGLINE · SALZBURG
FLEUR · CORSO
DELTA

**straumur HF**

*Silfurgötu 5 - Pósthólf 451 - 400 Ísafirði*



# JÓLAGJÖFIN Í ÁR

VICTOR PC
tölva frá kr. 63.500.-

CITIZEN
prentari frá kr. 16.500.-

Auk þess höfum við fjölda annara tölva og tölvuprentara í öllum verðflokkum.

Hjá okkur færðu allt sem tölvunotandinn þarf, svo sem disklinga, pappír o.fl. o.fl.

Líttu við og skoðaðu úrvalið

PS.
Við tökum líka að okkur alla bókhaldsþjónustu og framtalsaðstoð, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga

**Hugsjón hf.**
*Tölvu- og rekstrarþjónusta*
*Austurvegi 1 · 400 Ísafjörður*
*Sími 94 - 4544*



# Vanti þig skíðaskó,
## þá berðu þig svona að:



Þú kemur til okkar í SPORTHLÖÐUNA og skoðar nýju SALOMON skóna.



Við tökum vel á móti þér, mælum á þér fótinn á þar til gerðu mælitæki.



Sýnum þér þær tegundir, sem við höfum upp á að bjóða. Sumar eru laglegri en aðrar (en óþarfi að glápa úr sér augun).



En hafðu það í huga, að útlitið skiptir ekki öllu, heldur velur þú þér skó, sem hæfa skíðakunnáttu þinni...



...og umfram allt sem ÞÉR (ekki einhverjum öðrum) finnast þægilegastir, því fæturnir segja þér hvaða skór henta ÞÉR best.



Þegar réttu skórnir hafa verið valdir, reynum við að sjálfsögðu að selja þér skótösku, því maður hugsar alltaf vel um nýju skóna sína.



Þegar þú hefur keypt þér nýja skó, þarf að stilla gömlu bindingarnar fyrir nýju skóna og það gerum við að sjálfsögðu fyrir þig. Við getum líka selt þér nýjar.



Í nýjum skóm og með rétt stilltar skíðabindingar frá SALOMON verður skíðaferðin ánægjulegri.

**Góða ferð,**

**Hemmi og Jónas**

SPORTHLAÐAN H.F.
SILFURTORGI 1
400 ÍSAFIRÐI
SÍMI 4123